

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 1/2020.

Reykjavík, 16.01.2020

2020010164

**Efni: Nói Síríus innkallar fleiri tegundir og best fyrir dagsetningar af Síríus Rjómasúkkulaði og Síríus Suðusúkkulaði vegna þess að aðskotahlutur (plast) getur verið í súkkulaðinu.**

Nói Síríus hefur ákveðið að útvíkka innköllun á Síríus Rjómasúkkulaði og Síríus Suðusúkkulaði þannig að hún nái til fleiri tegunda og best fyrir dagsetninga en þeirra sem tilgreindar voru í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu þann 10. janúar sl. Möguleiki er á að plast hafi borist í súkkulaðið vegna bilunar í vélbúnaði.

**Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörurnar sem innköllunin einskorðast við:**

<b>Vörumerki</b>	Síríus	Síríus	Síríus
<b>Vöruheiti</b>	Rjómasúkkulaði	Rjómasúkkulaði	Suðusúkkulaði
<b>Strikanúmer</b>	5690576570585	5690576570608	5690576560302
<b>Nettómagn</b>	3x100 g	150 g	300 g
<b>Best fyrir</b>	03.06.2021 04.06.2021	17.06.2021	30.05.2021 02.06.2021 03.06.2021 09.06.2021 10.06.2021 11.06.2021 12.06.2021
<b>Vörumerki</b>	Síríus	Síríus	Síríus
<b>Vöruheiti</b>	Suðusúkkulaði	Rjómasúkkulaði með karamellukurli og sjávarsalti	Suðusúkkulaði með karamellukurli og sjávarsalti
<b>Strikanúmer</b>	5690576560104	5690576570691	5690576560173
<b>Nettómagn</b>	200 g	150 g	200 g
<b>Best fyrir</b>	25.05.2021	17.06.2021 18.06.2021	26.05.2021
<b>Framleiðandi</b>	Nói Síríus, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík.		
<b>Framleiðsluland</b>	Ísland.		
<b>Dreifing</b>	Verslanir um land allt.		

Plastið sem kann að hafa farið í súkkulaðið er ýmist blátt eða bleikt að lit og ætti því að vera sjáanlegt neytendum þegar varan er opnuð.

Viðskiptavinum sem hafa keypt vörurnar er bent á að neyta þeirra ekki og farga eða skila þeim í þeirri verslun þar sem þær voru keyptar eða hjá Nóa Síríusi.

Nánari upplýsingar veitir Rúnar Ingibjartsson, gæðastjóri Nóa Síríus, 820 1815.

		
Síríus Rjómasúkkulaði 3x100 g	Síríus Rjómasúkkulaði 150 g	Síríus Suðusúkkulaði 300 g
		
Síríus Rjómasúkkulaði með karamellukurli og sjávarsalti 150 g	Síríus Suðusúkkulaði með karamellukurli og sjávarsalti 200 g	Síríus Suðusúkkulaði 200 g